

**Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 30. nóvember 2005

**Efni: Frv. til I. um starfsmannaleigur (366.mál).**

Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um framangreint frumvarp. Frumvarpinu er ætlað að vera heildarlöggjöf um starfsemi starfsmannaleiga.

Núgildandi lög á vinnumarkaði taka að öllu leyti til þeirrar starfsemi sem lýst er í frumvarpinu, t.d. reglur um lágmarkslaun, og er því vandséð hver þörfin er fyrir þessa reglusetningu. Er sérstaklega mikilvægt að löggjafinn stígi létt til jarðar varðandi reglusetningu af þessu tagi, sem er nokkuð íþyngjandi fyrir atvinnulífið.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er hugtakið starfsmannaleiga skilgreint. Hugtak þetta er alltof víðtækt og getur skv. orðum sínum tekið til ýmissar starfsemi sem hefur tíðkast hérlendis og gefist vel, s.s. almenn verktak, útseld vinna eða svonefnd útivistun verkefna. Markmið laganna virðist ekki vera að taka til þeirra, en það mun óhjákvæmilega gera það ef hugtakið er ekki þrengt.

Í 6. gr. er lagt bann við því að starfsmaður sé settur aftur í vinnu til fyrirtækis fyrr en 6 mánuðum eftir að ráðningasambandi hans lauk. Er tilgangurinn sagður vera að girða fyrir það að starfsmanni sé sagt upp til málamynda og ráðinn svo strax aftur í gegnum starfsmannaleigu. Orðalaga ákvæðisins er of víðtækt miðað við markmið þess. Til dæmis virðist ákvæðið líka taka til þess tilviks þegar starfsmaður segir sjálfur upp störfum. Með svo víðtæku ákvæði er atvinnufrelsi starfsmanns verulega skert en það fer í bága við markmið laganna, sem virðist vera að auka það.

Af framangreindum ástæðum leggst Viðskiptaráð gegn því að frumvarpið nái fram að ganga. Ef svo fer að það nær fram að ganga er nauðsynlegt að fyrrnefndar 2. mgr. 1. gr. og 6. gr. verði þrengdar.

f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson